

## Heiði

Á Heiði eru tveir elstu árgangarnir á Kirkjubóli, 4-6 ára börn, alls 22 börn. Barnafjöldinn í árgangshópunum tveimur getur verið misjafn milli ára, yfirleitt í kringum 10-12 börn í hvorum hóp. Elsti árgangshópurinn kallast blái hópur og næst elsti kallast græni hópur. Börnunum er skipt í minni hópa yfir daginn t.d. í aldurstengdu hópastarfi, vinnustundum, útiveru, og frjálsum leikstundum.

Aðal áhersluatriði deildarstarfsins eru:

- **Leikur.** Frjáls og sjálfssprottinn leikur er talin besta námsleið barna og fær hann því mikið vægi í okkar starfi. Við gefum leiknum samfelldan og góðan tíma og nýtum okkur leiðir eins og myndaval og hringekju sem hjálpa börnunum að staldra við í leiknum. Í myndavali velja börnin sjálf leiksvæði og leikfélaga en í hringekju stýra kennarar samsetningu hópsins á hverju leiksvæði. Þetta teljum við hjálpa börnunum að njóta fjölbreyttra leikja og leiksvæða og kynnast sem flestum leikfélögum.
- **Sjálfræði.** Í daglegu starfi hvetjum við börnin til að bera ábyrgð á eigin hegðun og gjörðum og að sýna sjálfstæði í daglegum athöfnum t.d. í matartímum, að klæða sig sjálf fyrir og eftir útiveru, við tiltekt eftir leikstundir og hópastarf og fleira. Börnin skiptast á að vera umsjónarmenn matartíma sem felur í sér að leggja á borð, sækja matarvagna og bjóða til borðs.
- **Vinátta og lífsleikni.** Innan leikskólans er mikið lagt upp úr jákvæðum og góðum samskiptum, bæði barna og fullorðinna, eins og einkunnarorð leikskólans fela í sér: **virðing, væntumþykja, vinátta.** Okkur til stuðnings er unnið með forvarnarverkefni Barnaheilla, *Vinátta*, með bangsanum Blæ og litlu vinum hans. Til þess að foreldrar geti verið virkir þátttakendur með okkur fer vinabangsinn okkar, Sóley Stjarna, heim með einu barni á föstudögum þar sem vonast er til að fjölskyldan geti átt notalega stund saman með vinabangsnum.
- **Læsi.** Til að efla læsi leggjum við mikla áherslu á ýmis konar málörvun í daglegu starfi. Við bjóðum upp á fjölbreytt málörvunar námsefni í frjálsum leikstundum, daglegar sögu- og söngstundir, uppákomur með leikrænni tjáningu og framsögn, fagnaðarfundi í salnum og spjöllum mikið við börnin. Einu sinni í viku fara allir hópar í skipulagða málörvunarstund, sem við köllum Lubbastund, þar sem unnið er með efni úr bókinni: **Lubbi finnur málbein.** Til að foreldrar geti tekið virkan þátt í læsisverkefni okkar biðjum við foreldra um að aðstoða börnin með að

koma með hlut að heiman sem byrjar á máhljóði vikunnar í upphafi hverrar viku og lesa bækur með Sóley Stjörnu vinabangsa þegar hún er í heimsókn.

- **Útivera og hreyfing.** Til að efla styrk og þol förum við í útiveru á hverjum degi og skiptum barnahópnum í tvo hópa eins oft og mögulegt er, einn hópur úti og annar inni. Skipulagðar hreyfistundir undir stjórn kennara eru einu sinni í viku þar sem elstu börnin fara í fimleikasalinn í Ásgarði og yngri hópurinn í sal leikskólans. Fjölbreytt fínhreyfivinna fer fram í leik og daglegu starfi.
- **Barnið í brennidepli.** Í eina viku í senn eru tvö börn í nokkurs konar aðalhlutverki yfir daginn og kallast þau **Börn vikunnar**. Þau hafa ákveðin hlutverk yfir vikuna eins og dagastjóri, veðurfræðingur, forstofustjóri og baðherbergisstjóri. Þau „lesa“ upp nöfn hinna barnanna fyrir myndaval og hringekju, aðstoða í gönguferðum og ýmislegt fleira. Í vikulokin fara þau á fund með leikskólastjóra þar sem farið er yfir samstarfið.
- **Sköpun.** Í daglegu starfi eru börnin alltaf að virkja eigið hugmyndaflug og efla skapandi hugsun eins og í frjálsum sjálfsprottum leik, í listsköpun, í söng og leiklist, í sögustundum, í hópastarfi, í hreyfistundum og útiveru.
- **Vettvangsferðir.** Til að styrkja umhverfisvitund er farið reglulega í gönguferðir um nærumhverfið. Yfir skólaárið eru einnig nokkrar skipulagðar lengri ferðir t.d. á sífóniútónleika í Hörpu, í Þjóðleikhúsið, Sívertsenhús í Hafnarfirði, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Tónlistarskólann og í Sorpu.
- **Samvinnustundir.** Einu sinni í viku koma elstu börni saman og vinna með verkefni úr bókinni: **Í talnalandi 1 og 2**, þar sem meðal annars er unnið með hugtaka- og talnaskilning og grunnur lagður að skráningu talna. Einnig er farið yfir heimaþekkingu t.d. afmælisdag, heimilisfang, nöfn foreldra og fleira.
- **Brúum bilið.** Til þess að auðvelda börnum skólaskiptin yfir í grunnskóla eru leik- og grunnskólar Garðabæjar með samstarfsverkefni sem nefnist Brúum bilið. Verkefnið byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli elstu barna leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans. Vinaskóli okkar er **Flataskóli** og gerum við Samstarfssamning við hann á hverju hausti.
- **Ferilmöppur.** Til þess að fylgjast með þroska og ferli barnanna í gegnum leikskólagönguna er skráningum og myndverkum safnað saman í möppu fyrir hvert og eitt barn frá byrjun leikskólagöngunnar. Barnið fær síðan möppuna til eignar þegar það hættir í leikskólanum.

- **Proskakannanir.** Tvær málproskakannanir eru lagðar fyrir börnin yfir skólaárið. Fyrir 4 ára börnin er haldið áfram með TRAS málproskakönnun sem fyrst er lögð fyrir við 2 ára aldur og fyrir elsta árganginn er gerð könnun á hljóðkerfisvitund sem nefnist Hljóm-2.
- **Foreldrasamtöl.** Tvisvar á ári gefst foreldrum tækifæri á foreldrasamtali við kennara, að hausti og vori, en alltaf er hægt að óska eftir samtali við kennara ef þörf er á.
- **Upplýsingaflæði.** Gagnkvæmar upplýsingar milli heimilis og skóla eru nauðsynlegar til að börnunum líði sem best og njóti leikskólagöngunnar. Fjölbreytt upplýsingaflæði er í skólanum til að foreldrar geti fylgst með starfi barna sinna. Við erum með skráninga- og samskiptakerfið Karellen, upplýsingatöflur í fataherbergi og forstofu, vikulegan tölvupóst frá deildinni, mánaðarlegt fréttabréf frá leikskólastjóra og það allra mikilvægasta, dagleg samskipti foreldra og starfsfólks. Fyrir heildarskipulag skólans er **nauðsynlegt að virða vistunartíma barnanna** og mikilvægt öryggisatriði að börn og kennarar heilsa og kveðja í upphafi og lok dags. Alltaf þarf að láta vita ef aðrir sækja barn en þeir sem hafa leyfi til þess. Börn undir 12 ára **mega ekki** sækja börnin samkvæmt lögum.

☺ **Kennarar á Heiði** ☺